



Samstarf leikskólans Tröllaborgar og Grunnskólans austan Vatna 2021 – 2022



Íþróttir

Skólahópur fer með yngstu deild grunnskólans í íþróttatíma einu sinni í viku, klukkutíma í senn. Á Hofsósi á mánudögum kl. 13:15 – 14:15 og á Hólum á fimmtudögum kl. 12:35 – 13:45.

Útikennsla

Einu sinni í viku er sameiginlegur útikennslutími leikskólabarna og grunnskólanemenda. Á Hofsósi á fimmtudögum kl. 13:15 - 13:55 og á Hólum á þriðjudögum kl. 9:45 – 12:00.

Sögustund

Skólahópur leikskólans kemur í grunnskólann einu sinni í viku og er með nemendum yngri deildar í sögustund. Þetta byrjar á Hofsósi þegar leikskólinn verður fluttur. Á Hólum verður sögustund á þriðjudögum kl. 8:00 – 8:20.

Lestur í leikskóla

Nemendur af miðstigi fara vikulega í leikskólann og lesa fyrir leikskólabörnin. Á Hofsósi á föstudögum kl. 10:15 og á Hólum á mánudögum kl. 9:00.

Danssýning

Í lok danskennslu er haldin danssýning þar sem nemendur leik- og grunnskóla sýna dansa fyrir foreldra og aðra gesti í Höfðaborg. Danssýningin verður 20. janúar 2022

Öskudagur

Á öskudaginn tekur skólahópur þátt í dagskrá grunnskólans.

Skólaheimsóknir

Skólahópur verður í eina viku með yngsta stigi og tekur þátt í almennu skólastarfi. Á Hofsósi verður það vikuna 2. - 6. maí 2022 og á Hólum 4. - 8. apríl 2022.

Skógardagur

Miðvikudaginn 25. maí 2022 er sameiginlegur skógardagur á Hólum, skólahópur tekur þátt í honum.

Útskrift og skólaslit

Útskrift elsta árgangs leikskólans fer fram á skólaslitum grunnskólans þann 31. maí 2022. Umsjónarkennari yngstu nemenda grunnskólans tekur formlega við nýjum nemendum og býður þá velkomna.